

## UMHVERFIS – OG FRAMKVÆMDARÁÐ – erindisbréf

### 1. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa fimm fulltrúa í umhverfis- og framkvæmdaráð til eins árs og jafnmarga til vara. Fulltrúar eru síðan kosnir í júní ár hvert. Bæjarstjórn kýs formann umhverfis – og framkvæmdaráðs, en ráðið velur sér varaformann á fyrsta fundi að aflokinni skipan þess.

### 2. gr.

Umhverfis – og framkvæmdaráð skal að jafnaði halda fundi á föstum tíma eigi sjaldnar en tvisvar í mánuði. Aukafund skal halda er bæjarstjóri, formaður ráðsins eða að minnsta kosti tveir ráðsmenn óska þess. Ráðsfundur skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum. Ráðið getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins. Ennfremur getur ráðið boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

Ráðsmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að ráðsmaður lætur af þeim störfum.

### 3. gr.

Umhverfis- og framkvæmdaráð getur kosið starfsnefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils bæjarstjórnar og fyrr ef verkefni starfsnefndar er lokið. Umhverfis- og framkvæmdaráð getur einnig afturkallað umboð slíkra starfsnefnda hvenær sem er.

### 4. gr.

Sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs undirbýr ráðsfundi í samráði við formann. Hann sér um að umhverfis- og framkvæmdaráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá að minnsta kosti einum sólarhring fyrir fund. Komi upp mál sem krefst skjótrar úrlausnar framkvæmdaráðs getur fyrirvari um fundarboðun verið skemmri.

Fulltrúum í umhverfis- og framkvæmdaráði er skylt að sækja alla fundi ráðsins, nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Geti ráðsmaður ekki sótt fund skal hann boða varamann í sinn stað. Sé fulltrúi forfallaður um lengri tíma skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til formanns.

Fulltrúa ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af eða þegar til staðar eru aðrar ástæður sem koma fram í 3. gr. laga nr. 37/1993.

Fulltrúi sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarstað við meðferð og afgreiðslu þess. Ráðsmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli ráðsins á því.

Fundur telst lögmætur ef löglega er til hans boðað og meira en helmingur fulltrúa er mættur á fundinn. Umhverfis- og framkvæmdaráð getur enga bindandi ályktun gert nema fundur sé lögmætur.

### 5. gr.

Formaður umhverfis- og framkvæmdaráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Ákvæði II. og III. kafla samþykktta um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar gilda um meðferð mála í ráðinu eftir því sem við á. Formaður úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar ráðsins.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í umhverfis- og framkvæmdaráði þótt það sé ekki tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver ráðsmanna óskar þess.

#### **6. gr.**

Umhverfis- og framkvæmdaráð fer með mál sem falla undir umhverfis og framkvæmdasvið, svo sem mannvirkjagerð, eignarekstur ( sjá m.a. lög um húsnæðismál nr. 44/1998), veitustarfsemi (sbr. lög um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og lög um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009), umhverfismál, sorphirða (sbr. lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003), umferðarmál samkvæmt ákvæðum laga, málefni sem falla undir stjórn Sorpu bs. og stjórn Strætó bs. Ráðið fer með hlutverk gróðurverndarnefndar samkvæmt lögum um landgræðslu nr. 17/1965 og hlutverk náttúruverndarnefndar samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 44/1999 og staðardagskrá. Sviðið fer með rekstur þeirra A hluta stofnana og B hluta fyrirtækja er undir það voru færð með samþykkt bæjarstjórnar þann 27. júní 2006.

#### **7. gr.**

Umhverfis- og framkvæmdaráð gerir tillögur til bæjarstjórnar og bæjarráðs um afgreiðslu mála sem lúta að; gerð fjárhagsáætlunar, viðauka við fjárhagsáætlun, lántökum og gjaldskrá. Samþykktum, reglugerðum og gjaldskrá sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra, skal vísað til bæjarstjórnar.

Umhverfis- og framkvæmdaráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um sérstakar samþykktir varðandi starfshætti á umhverfis- og framkvæmdasviði og hjá stofnunum sviðsins.

Umhverfis- og framkvæmdaráði er heimilt að staðfesta samninga viðskipta- og fjárhagslegs eðlis ef þeir rúmast innan ramma fjárhagsáætlunar ársins, svo og að staðfesta samninga (til lengri tíma) sem snúa að kaupum á föstum þjónustubáttum þó samið sé til lengri tíma. Öllum öðrum samningum skal vísað til samþykktar bæjarráðs/bæjarstjórnar. Sjá nánar samþykktar reglur um samninga.

Framkvæmdaráð veitir umsögn varðandi starfsmannamál í samræmi við 91. gr. samþykktar um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarskóp bæjarstjórnar.

Önnur þau mál sem umhverfis- og framkvæmdaráð fær til meðferðar hljóta að jafnaði fullnaðarafgreiðslu á vettvangi ráðsins nema bæjarstjórn ákveði annað eða lög mæla á annan veg.

Ætíð skal þó vísa máli til afgreiðslu í bæjarstjórn ef 2 ráðsmenn hið minnsta æskja þess.

#### **8. gr.**

Fundargerðir umhverfis- og framkvæmdaráðs skulu teknar á dagskrá bæjarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum fundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar bæjarstjórnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar bæjarstjórnar ber að taka þær sérstaklega fyrir enda sé í fundargerð ráðsins skilmerkilega gerð grein fyrir þeirri fyrirætlan með tillögu til bæjarstjórnar þar að lútandi.

#### **9. gr.**

Mál er afgreitt í umhverfis- og framkvæmdaráði með því að samþykkja það eða fella, vísa því frá eða vísa því til afgreiðslu ráðs, bæjarstjórnar, eða sviðsstjóra. Ráðið getur vísað málum til

umsagnar annarra ráða, fagnefndar eða sviðsstjóra. Ráðsmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í ráðinu. Heimilt er að hafa bókanir lengri þegar fjallað er um frumvarp að fjárhagsáætlun og ársreikninga.

Umhverfis- og framkvæmdaráði er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð er heimilt að ákveða að fela öðrum aðilum en framkvæmdaráði afgreiðslu mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarfélagsins. Afgreiðslu slíkra mála má þó ætíð skjóta til umhverfis- og framkvæmdaráðs eða bæjarstjórnar. Umhverfis- og framkvæmdaráð setur nánari reglur um notkun slíkra heimilda og skulu þær staðfestar í bæjarstjórn.

#### **10. gr.**

Sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs starfar með umhverfis- og framkvæmdaráði og ber ábyrgð á að samþykktum og ákvörðunum þess sé hrint í framkvæmd. Hann situr fundi ráðsins og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

#### **11. gr.**

Umhverfis – og framkvæmdaráð getur ráðið sérstakan fundarritara utan ráðsins til að annast ritun fundargerða í gerðabók ráðsins. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitja fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafi skipst. Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema framkvæmdaráð ákveði annað.

Umhverfis – og framkvæmdaráð getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók ráðsins númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerðar. Viðstaddir ráðsmenn skulu við slit fundar rita nöfn sín í gerðabók. Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal formaður og að minnsta kosti einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerðar sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Ráðsmaður sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

#### **12. gr.**

Erindisbréf þetta byggist á; ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 og nr. 138/2011 (taka gildi 1. janúar 2012) um verkefni sveitarfélga og starfsemi nefnda á þeirra vegum, stjórnarsýslulögum nr. 37/1993 og samþykkt um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar. Erindisbréf þetta hefur verið lagt fram í umhverfis- og framkvæmdaráði og var samþykkt í bæjarstjórn Hafnarfjarðar 7. desember 2011 og tekur gildi frá og með þeim tíma.

7. desember 2011,

---

Guðmundur Rúnar Árnason,

bæjarstjóri.